

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi í Hvammahverfi í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. júní 1989 staðfest breytingu á áður staðfestum deiliskipulagsupprætti í Hvammahverfi í Hafnarfirði.

Breytingin tekur til svæðis á milli suðurenda Hringbrautar og Ásbrautar og er fólgin í því að í 6 2ja hæða byggingum er gert ráð fyrir 24 íbúðum í stað 12 áður. Ennfremur er gert ráð fyrir að opið svæði við gatnamót Hringbrautar og Ásbrautar falli niður og þar komi íbúðarhús og að bílastæði sem tengjast Hringbraut og Suðurgötu breytist lítillega.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt hann og skipulagstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

*Félagsmálaráðuneytið 5. júní 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*

12. júní 1989

Nr. 294

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

1. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

2. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella lætur hverju húsi sem tengt er veitukerfi hennar í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar enda séu ofnar hússins nægjanlega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annarra nota en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella lætur notanda í té vatnsmagn samkvæmt 1. og 2. gr. um rennismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennismæli:	
Fyrir hvern rúmmetra vatns . . . . .	kr. 62,20
2. Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð:	
Fyrir ½ tommu mæli . . . . .	kr. 325,00
Fyrir ¾ tommu mæli . . . . .	kr. 650,00
Fyrir 1 tommu mæli og stærri . . . . .	kr. 970,00